



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogur, 12. ágúst 2024

Efni; Beiðni frá lögfræðideild um umsögn frá menntasviði v/tækifærisleyfis fyrir Guðmundarlund, Vatnsendahlíð 203, Kópavogi.

Eftirfarandi umsókn um tækifærisleyfi hefur borist Kópavogsbæ vegna samkomu/skemmtanahalds í Guðmundarlundi þann 16. ágúst nk. Um er að ræða auglýsta tónlistarskemmtun á vegum ungmenna. Viðburðurinn er auglýstur á Facebook sem tónlistarskemmtun/ball með merktri bjórkönnu í titli viðburðarins, og má sjá að viðburðurinn er markaðssettur fyrir ungmenni á menntaskólaaldri.

Frá árinu 2018 hefur menntasvið markvisst unnið að því að koma í veg fyrir óæskilegar hópamyndanir barna og unglinga, í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu (Stöð 3), foreldrafélög í Kópavogi, starfsfólk í vettvangsstarfi á vegum Félkó (starfsfólk félagsmiðstöðva í Kópavogi) og starfsfólk Flotans vettvangsstarf á vegum Reykjavíkurborgar. Samstarfið felur í sér reglulega samstarfsundi, reglulega upplýsingagjöf á fundum og í tölvupóstsamskiptum og áætlun um foreldrarölt og vettvangsstarf. Vettvangsstarfið felur í sér að starfsfólk keyrir á hina ýmsu staði í Kópavogi þar sem ungmenni hittast reglulega, eða hafa fengið upplýsingar um frá lögreglu eða öðrum samstarfsaðilum á höfuðborgarsvæðinu að von sé á hópamyndun. Haft er samband við lögreglu og eða barnavernd ef þörf er á.

Guðmundarlundur hefur undanfarin ár verið vinsæll samkomustaður ungmenna og núna síðast í júní 2024 hópuðust saman um 300 unglingar víðsvegar af höfuðborgarsvæðinu þar sem kalla þurfti til lögreglu og starfsfólk í vettvangsstarf til að vera á svæðinu, til að gæta öryggis unglinga. Ölvun var á meðal unglinga á staðnum og grunur um sölu á vímuefnum.

Í ljósi þeirra alvarlegu hópamyndana sem hafa verið á höfuðborgarsvæðinu í vetur og nú í sumar er það ábyrgð Kópavogsbæjar að stuðla ekki að skemmtun þar sem viðbúið er að börn yngri en 18 ára geti safnast saman, þar sem beinlínis er hvatt til drykkju. Hópamyndun meðal unglinga hefur verið mikið áhyggjuefni undanfarið, og neikvæðar hliðar þess eins og ofbeldi og neysla vímuefna. Þetta eru stórir hópar unglinga sem safnast saman víðsvegar af höfuðborgarsvæðinu og mörg yngri börn forvitin, sem blandast inn í þessa hópa sem getur skapað áhættuhegðun. Af þessum ástæðum er Menntasvið mjög mótfallið því að stuðlað sé að eftirlitslausum viðburði unglinga og ungmenna í sveitarfélaginu, það er að segja skemmtun eða viðburður sem er ekki haldin á vegum fagaðila sem vinna í þágu barna í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er að sporna gegn óæskilegri hópamyndun og lágmarka áhrif áhættupátta í umhverfi barna og unglinga.

Menntasvið mælir gegn því að umsókn um tækifærisleyfi vegna skemmtanahalds í Guðmundarlundi verði samþykkt. Kópavogsbær er barnvænt sveitarfélag sem á að hafa hagsmuni allra barna að leiðarljósi og ávallt að stuðla að því sem barninu er fyrir bestu. Með slíkri samkomu sem sótt er leyfi fyrir, er viðbúið að börn yngri en 18 ára munu safnast saman á svæðið og þannig er stuðlað að óæskilegri hópamyndun og hegðun barna.

Guðmundarlundur er eitt vinsælasta útivistarsvæði sem Kópavogsbúar búa svo vel að hafa í sínu nærumhverfi. Það er mikilvægt að góð ímynd Guðmundarlundar haldist og ennfremur að frekar verði stuðlað að skipulagi viðburða sem stuðla að lýðheilsu og góðum forvörnum í þágu allra bæjarbúa í Kópavogi og þá ekki síst barna og ungmenna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir

Sviðsstjóri menntasviðs

Virðingarfyllst

Amanda K. Ólafsdóttir

Amanda K. Ólafsdóttir

Deildarstjóri frístundadeildar